

Fimmtudaginn 22. október 1998.

Nr. 480/1997.

**Sigurður Jóhannsson og
Haukur Haraldsson**

(Hlöðver Kjartansson hdl.)

gegn

Reykjavíkurborg

(Hjörleifur B. Kvaran hrl.)

Skuldabréf. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. nóvember 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi. Áfrýjendur krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað. Til þrautavara krefjast þeir sýknu, en að því frágengnu, að krafa stefnda verði lækkuð í 86.464 krónur auk dráttarvaxta af nánar tilgreindum fjárhæðum. Að því er þrjár fyrstu kröfur varðar, krefjast áfrýjendur málkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en að því er fjórðu kröfu varðar, að málkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málkostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjendur kröfðust frávísunar málsins í héraði. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði 29. apríl 1997. Í áfrýjunarstefnu er ekki tekið fram, að úrskurðinum sé áfrýjað, og kemur hann því ekki sérstaklega til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Frávísunarkröfuna reisa áfrýjendur á því, að málsreifun stefnda sé ábótavant. Hún varðar því atriði, sem dómstólar eiga að gæta að sjálfisdáðum, og verður því tekin til úrlausnar. Eigi verður fallist á, að málið sé svo vanreifað, að varði frávísun frá héraðsdómi, og er kröfunni því hafnað.

Krafa áfrýjenda um ómerkingu og að málinu verði vísað heim í

hérað, er studd sömu rökum og frávísunarkrafan að því meðal annars viðbættu, að á héraðsdóminum séu tilteknir ágallar, sem leiða ættu til ómerkingar. Fram borin aðfinnsluatriði eru ekki þess eðlis, að leiði til ómerkingar málsins, og er þeirri kröfu því einnig hafnað.

II.

Áfrýjendur tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skulda-bréfs, út gefins af Jakobi Kristjánssyni 31. maí 1989, að fjárhæð 222.902 krónur, með nánar tilteknum gjalddögum, hinum fyrsta 15. júní 1989, sem stefndi heldur að vísu fram, að hafi verið færður til 15. ágúst sama árs með áritun á bréfið. Óumdeilt er, að greiðslufall varð á fyrsta gjalddaga bréfsins og að ekkert hefur verið greitt af því. Ekki verður séð, að stefndi hafi af þessu tilefni hafst nokkuð að, hvorki gagnvart útgefanda bréfsins né áfrýjendum, fyrr en með innheimtubréfum til þeirra 6. október 1996, í rúm sjö ár. Héraðsdómsstefna var síðan birt áfrýjendum 9. og 10. febrúar 1997.

Í 7. grein skilmála bréfsins er svofellt ákvæði: „Standi skuldari ekki í skilum með greiðslu afborgana, vaxta, dráttarvaxta eða verðuppbótar skuldarinnar eða verði bú hans tekið til skipta sem þrotabú, er skuldin í gjalddaga fallin án uppsagnar.“ Aðila greinir einkanlega á um, hvernig skýra beri þetta samningsákvæði. Heldur stefndi því fram, að það feli í sér heimild til handa skuldareiganda að gjaldfella bréfið, sem hann hafi þó ekki nýtt sér. Áfrýjendur telja hins vegar, að engra aðgerða hafi verið þörf af hálfu stefnda til að gjaldfella bréfið, sbr. einkum orðin „án uppsagnar“. Hafi skuldin því öll fallið í gjalddaga 15. júní 1989.

III.

Samkvæmt 4. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda fynast kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum á fjórum árum frá þeim degi, er krafan var gjaldkræf, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. nefndra laga. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. sömu laga slítur málsókn fyrningu.

Fyrir liggur, að þrátt fyrir greiðslufall það, sem orðið var og að framan er lýst, hóf stefndi ekki innheimtuaðgerðir, sem slitið gætu fyrningu, fyrr en með héraðsdómsstefnu í þessu máli. Samkvæmt fortakslausu ákvæði 7. greinar skuldabréfsins, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 5.

gr. laga nr. 14/1905, var krafan þá löngu fyrnd. Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda.

Stefndi verður dæmdur til að greiða hvorum áfrýjenda um sig málskostnað, sem ákveðinn verður í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Sigurður Jóhannsson og Haukur Haraldsson, eru sýknir af kröfum stefnda, Reykjavíkurborgar.

Stefndi greiði áfrýjendum hvorum um sig samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. júlí 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri 29. janúar, 9. febrúar og 10. febrúar 1997.

Stefnandi málsins er Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Vonarstræti, Reykjavík.

Stefndu eru Jakob Kristjánsson, kt. 180346-3339, Hraunbrún 24, Hafnarfirði, Sigurður Jóhannsson, kt. 100348-2929, Garðarsbraut 39, Húsavík, og Haukur Haraldsson, kt. 170928-4319, Reykjaheiðarvegi 4, Húsavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi Jakob Kristjánsson verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 304.452 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 212.213 kr. frá 15. 2. 1993 til 15. 3. 1993, af 217.548 kr. frá þ. d. til 15. 4. 1993, af 222.891 kr. frá þ. d. til 15. 5. 1993, af 228.234 kr. frá þ. d. til 15. 6. 1993, af 233.581 kr. frá þ. d. til 15. 7. 1993, af 238.931 kr. frá þ. d. til 15. 8. 1993, af 244.322 kr. frá þ. d. til 15. 9. 1993, af 249.750 kr. frá þ. d. til 15. 10. 1993, af 255.193 kr. frá þ. d. til 15. 11. 1993, af 260.649 kr. frá þ. d. til 15. 12. 1993, af 266.105 kr. frá þ. d. til 15. 1. 1994, af 271.554 kr. frá þ. d. til 15. 2. 1994, af 276.999 kr. frá þ. d. til 15. 3. 1994, af 282.488 kr. frá þ. d. til 15. 4. 1994, af 287.897 kr. frá þ. d. til 15. 5. 1994, af 293.351 kr. frá þ. d. til 15. 6. 1994, af 298.807 kr. frá þ. d. til 15. 7. 1994 og af 304.452 kr. frá þ. d. til greiðsludags.

Á hendur stefndu Sigurði Jóhannssyni og Hauki Haraldssyni eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði dæmdir in solidum með stefnda Jakobi Kristjánssyni til greiðslu skuldar, að fjárhæð 97.400 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 5.319 kr. frá 15. 2. 1993 til 15. 3. 1993, af 10.654 kr. frá þ. d. til 15. 4. 1993, af 15.997 kr. frá þ. d. til 15. 5. 1993, af 21.340 kr. frá þ. d. til 15. 6. 1993, af 26.687 kr. frá þ. d. til 15. 7. 1993, af 32.037 kr. frá þ. d. til 15. 8. 1993, af 37.428 kr. frá þ. d. til 15. 9. 1993, af

42.856 kr. frá þ. d. til 15. 10. 1993, af 48.299 kr. frá þ. d. til 15. 11. 1993, af 53.755 kr. frá þ. d. til 15. 12. 1993, af 59.211 kr. frá þ. d. til 15. 1. 1994, af 64.660 kr. frá þ. d. til 15. 2. 1994, af 70.105 kr. frá þ. d. til 15. 3. 1994, af 75.554 kr. frá þ. d. til 15. 4. 1994, af 81.008 kr. frá þ. d. til 15. 5. 1994, af 86.464 kr. frá þ. d. til 15. 6. 1994, af 91.926 kr. frá þ. d. til 15. 7. 1994 og af 97.400 kr. frá þ. d. til greiðsludags.

Á hendur öllum stefndu er þess krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. febrúar 1994, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Þá er krafist málskostnaðar skv. mati dómsins.

Skuld þessi er samkvæmt fram lögðu skuldabréfi stefnanda nr. 70827, út gefnu í Reykjavík af stefnda Jakobi Kristjánssyni til borgarsjóðs Reykjavíkur 31. maí 1989. Skuldabréfið var upphaflega að fjárhæð 222.902 kr. og skyldi greitt með sextíu afborgunum 15. dag hvers mánaðar, í fyrsta sinn 15. júní 1989. Fyrsti gjalddagi var síðan færður fram til 15. ágúst 1989. Vextir skyldu vera meðaltal vaxta verðtryggðra útlána á hverjum tíma skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands við útgáfu bréfsins, 3,5%. Skyldu vextir reiknaðir frá 1. janúar 1989. Skuldabréfið var bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 2279 stigum. Í bréfinu er heimild til gjaldfellingar skuldarinnar vegna vanskila. Stefndu Sigurður Jóhannsson og Haukur Haraldsson eru sjálf-skuldarábyrgðarmenn. Skuldabréfið fór í vanskil á fyrsta gjalddaga 15. ágúst 1989, en skuldin var ekki gjaldfelld þrátt fyrir framangreinda gjaldfellingarheimild bréfsins. Skuld stefnda Jakobs Kristjánssonar sundurliðast á eftirfarandi hátt:

Höfuðstóll 15. júlí 1994	kr.	222.902
Verðbótapáttur	–	81.550
	<u>Samtals</u>	<u>kr. 304.452</u>

Samtals nemur skuld stefnda Jakobs því 304.452 kr. auk dráttarvaxta, og er það stefnufjárhæð málsins. Í stefnu er tekið fram, að engir samningsvextir séu í ofangreindri fjárhæð og aðeins gerð krafa um dráttarvexti í fjögur ár frá stefnubirtingu að telja, eins og fram komi í kröfugerð málsins. Þar sem stefndu Sigurður Jóhannsson og Haukur Haraldsson séu sjálfskuldarábyrgðarmenn á skuldabréfinu, sé ekki gerð krafa á hendur þeim, að því er varðar þann hluta skuldarinnar, sem er eldri en fjögurra ára frá stefnubirtingu að telja. Nemi skuld þeirra 97.400 krónum auk dráttarvaxta og sundurliðist þannig, að höfuðstóll 15. júlí 1994 sé 66.870 krónur, verðbótapáttur 30.530 krónur, samtals 97.400 krónur.

Stefndu hafi ekki sinnt innheimtutilmælum stefnanda, og kveður hann

því málsókn þessa nauðsynlega, en málið er rekið hér fyrir dómi skv. heimild í sjálfu skuldabréfinu.

Af hálfu stefndu var gerð krafa um frávisun málsins, en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði 29. apríl sl.

Af hálfu stefndu er vísað til þess, að með því að í 7. tl. bréfs þess, er stefnt er út af, segi, að standi skuldari ekki í skilum með greiðslu afborgana, vaxta, dráttarvaxta eða verðuppbótar skuldarinnar eða verði bú hans tekið til skipta sem þrotabú, sé skuldin í gjalddaga fallin án uppsagnar, hafi skuldin öll fallið í gjalddaga 15. júní eða 15. ágúst 1989. Er því haldið fram, að skuldin hafi öll eindagast á fyrsta gjalddaga bréfsins. Sé skuld samkvæmt bréfinu því fyrnd, og beri þess vegna að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi sýnt tómlæti um innheimtu kröfu sinnar, með því að nærfellt átta ár hafi liðið, frá því að skuldin féll í gjalddaga og þar til er stefna var birt, enda hefðu stefndu mátt treysta því, að hún væri fyrir löngu fallin niður.

Niðurstaða.

Ákvæði það í 7. gr. skuldabréfsins, sem stefndu bera fyrir sig til stuðnings kröfu um sýknu, felur það í sér, að stefnandi gat gjaldfellt allt bréfið, er vanskil höfðu orðið. Ákvæði þetta geymdi heimild til handa stefnanda, sem hann nýtti sér ekki. Verður hér að miða við það, að útgefandi bréfsins er skuldbundinn til þess að greiða það samkvæmt efni þess og ábyrgðarmenn í hans stað, standi hann ekki í skilum, og að stefnandi átti val um, hvort bréfið yrði gjaldfellt samkvæmt heimild þessari og innheimtuaðgerðum hagað í samræmi við það.

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á þá málsástæðu stefndu, að krafa á hendur þeim sé fyrnd.

Þá verður ekki fallist á það með stefndu, að krafa stefnanda hafi verið fallin niður fyrir tómlæti, er stefna var birt þeim, enda ekki sýnt fram á nein þau atvik, er styðji þá staðhæfingu.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti, og eftir úrslitum málsins verður stefndu gert að greiða stefnanda in solidum 150.000 krónur í málskostnað, og er þá ekki litið til reglna um virðisaukaskatt.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi Jakob Kristjánsson greiði stefnanda, Reykjavíkurborg, 304.452 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 212.213 kr. frá 15. 2. 1993 til 15. 3. 1993, af 217.548 kr. frá þ. d. til

15. 4. 1993, af 222.891 kr. frá þ. d. til 15. 5. 1993, af 228.234 kr. frá þ. d. til 15. 6. 1993, af 233.581 kr. frá þ. d. til 15. 7. 1993, af 238.931 kr. frá þ. d. til 15. 8. 1993, af 244.322 kr. frá þ. d. til 15. 9. 1993, af 249.750 kr. frá þ. d. til 15. 10. 1993, af 255.193 kr. frá þ. d. til 15. 11. 1993, af 260.649 kr. frá þ. d. til 15. 12. 1993, af 266.105 kr. frá þ. d. til 15. 1. 1994, af 271.554 kr. frá þ. d. til 15. 2. 1994, af 276.999 kr. frá þ. d. til 15. 3. 1994, af 282.488 kr. frá þ. d. til 15. 4. 1994, af 287.897 kr. frá þ. d. til 15. 5. 1994, af 293.351 kr. frá þ. d. til 15. 6. 1994, af 298.807 kr. frá þ. d. til 15. 7. 1994 og af 304.452 kr. frá þ. d. til greiðsludags.

Stefndu Sigurður Jóhannsson og Haukur Haraldsson greiði stefnanda in solidum með stefnda Jakobi Kristjánssyni 97.400 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 5.319 kr. frá 15. 2. 1993 til 15. 3. 1993, af 10.654 kr. frá þ. d. til 15. 4. 1993, af 15.997 kr. frá þ. d. til 15. 5. 1993, af 21.340 kr. frá þ. d. til 15. 6. 1993, af 26.687 kr. frá þ. d. til 15. 7. 1993, af 32.037 kr. frá þ. d. til 15. 8. 1993, af 37.428 kr. frá þ. d. til 15. 9. 1993, af 42.856 kr. frá þ. d. til 15. 10. 1993, af 48.299 kr. frá þ. d. til 15. 11. 1993, af 53.755 kr. frá þ. d. til 15. 12. 1993, af 59.211 kr. frá þ. d. til 15. 1. 1994, af 64.660 kr. frá þ. d. til 15. 2. 1994, af 70.105 kr. frá þ. d. til 15. 3. 1994, af 75.554 kr. frá þ. d. til 15. 4. 1994, af 81.008 kr. frá þ. d. til 15. 5. 1994, af 86.464 kr. frá þ. d. til 15. 6. 1994, af 91.926 kr. frá þ. d. til 15. 7. 1994 og af 97.400 kr. frá þ. d. til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda in solidum 150.000 krónur í málskostnað.
